

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 11. júlí 2023
UST202306-438/B.S.
10.04.03

Efni: Breyting á deiliskipulag - efnavinnslusvæði við Vík. Umsögn

Vísað er til erindis Mýrdalshrepps dags. 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á deiliskipulagi. Breytingarnar eru vegna byggingarreits fyrir spennistöðu og vatnstöku úr Uxafótarlæk sem nemur um 10% af vatnsmagni lækjarins.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun. Í deiliskipulagsbreytingunni er hvergi fjallað um vatnaáætlun eða áhrifi á vatnshlotið. Uxafótarlækur er afmarkað vatnshlot skv. vatnavefsjá stjórnar vatnamála og hefur vatnshlotanúmerið 103-983-R. Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að vera í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi og *góðu* efnafræðilegu ástandi. Samkvæmt deiliskipulagsbreytingunni kemur fram að byggja eigi grjótþröskuld í ánni og þannig verði hægt að leiða vatn úr læknum að vinnslusvæði. Fram kemur að áætluð vatnstaka verði um 70 l/sek og að rennsli í læknum sé 726 l/sek. Umhverfisstofnun bendir á að manngerðir grjótgarðar teljast til vatnsformfræðilegs álags og geta þeir haft neikvæð áhrif á vatnalíf t.d. fiskgengd. Ekki kemur fram hvaða gögn liggja að baki mati á rennsli (726 l/sek) né á hvaða árstímum rennismælingar hafi verið gerðar. Hvort um ársmeðaltal eða stakar mælingar á ákveðnum árstímum sé að ræða. Gera þarf grein fyrir því hvaða áhrif vatnstakan muni hafa á ástand lækjarins og tjarnar neðan við hann og þá líffræðilegu og eðlisefnafræðilegu gæðapætti sem eru notaðir til grundvallar vistfræðilegri ástandsflokkun vatnshlotsins samkvæmt vatnaáætlun. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála má ástand vatnshlots ekki hnigna, hvorki varanlega né tímabundið.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir,
sérfræðingur